

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 27. október 2025

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (sjálfskaparvíti), 88. mál

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 15. október sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á 2. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997 að felld verði niður það skilyrði fyrir framreikningi örorkulífeyris að orkutap megi ekki rekja til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna. Í daglegu tali hefur verið vísað til þessara skilyrða sem að orkutap megi rekja til sjálfskaparvítis.

Eins og afar ítarlega er rakið í greinargerð sem fylgir frumvarpinu má taka undir það að ákvæði þetta sé barn síns tíma þar sem ekki hafi verið til staðar sú þekking sem nú er að baki umræddum fíknisjúkdómum. Ákvæðið hefur ítrekað komið til tals, verið umdeilt og taka LL heilshugar undir að ákvæðið þarfnast endurskoðunar.

Í þessu sambandi ber að tiltaka að umtalsverðar breytingar á örorku- og endurhæfingarlífeyri almannatrygginga tóku gildi þann 1. september sl. en á sama tíma liggur ekki fyrir hvernig þær breytingar eiga að spila saman með hlutverki lífeyrissjóða við greiðslur til þeirra sem tapa starfsorku. Enn er óleyst það brýna verkefni að marka skýra stefnu í þeim málum en fyrir liggur að greiðslur örorkulífeyris falla misþungt á lífeyrissjóði. Því hefur sérstakt jöfnunarframlag verið greitt til að draga úr þeim mismun.

Þrátt fyrir að framtíðalausn liggi ekki fyrir er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2026 gert ráð fyrir því að jöfnunarframlag örorkulífeyris falli niður. Því hefur verið mótmælt harðlega af aðilum vinnumarkaðarins og LL að gjaldið eigi að falla brott án þess að mörkuð hafi verið heildstæð stefna til framtíðar um hlutverk lífeyrissjóða vegna greiðslna til sjóðfélaga sem tapa starfsorku. Veldur það verulegum vonbrigðum ef gjaldið sem fjármagnað er sem hlutfall af tryggingagjaldi verði ekki ráðstafað til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða meðan framtíðarskipan mála er enn óleyst verkefni. Í fjárlagafrumvarpinu er tilgreint að gjaldið sé um 8,2 milljarðar og ætti að liggja beint við, að öðru óbreyttu, að ráðstafa ætti þeirri fjárhæð til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

LL leggja ríka áherslu á að fram fari ítarleg greining og stefnumótun til framtíðar á hlutverki lífeyrissjóða við greiðslur örorkulífeyris og samspili þeirra greiðslna við örorku- og

endurhæfingargreiðslur almannatrygginga. Frumvarp þetta tekur aðeins á einum þeim þætti sem þarfnast endurskoðunar en þar er af ýmsu að taka og mikilvægt að fram fari kostnaðargreining á breytingum sem lagðar eru fram en eins og fyrr greinir eru það ákveðnir sjóðir sem bera þungar byrðar þegar kemur að greiðslum örorkulífeyris.

Með vísan í ofangreint taka LL undir þá gagnrýni sem rakin er í greinargerð með frumvarpinu á umrætt ákvæði í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997 en telja brýnt að ákvæðið og þar með hlutverk lífeyrissjóða í greiðslum örorkulífeyris og samspili við greiðslur almannatrygginga verði metið heildstætt og að fram fari kostnaðargreining samhliða slíkum breytingum en afar aðkallandi er að gengist verði nú þegar í slíka endurskoðun.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri